

hann þyrfti að afla úttektarheimildar framkvæmdastjóra kaupfélagsins vegna Fiskvinnslustöðvarinnar.

Samtals nema upphæðir þær, sem færðar hafa verið á reikning stefnda vegna Fiskvinnslustöðvarinnar h/f kr. 27.532.45. Þar sem ekki liggur fyrir yfirlýsing stefnda um ábyrgð hans á greindri upphæð, ber að sýkna hann af kröfu stefnanda að þessu leyti og taka varakröfu hans til greina, enda verður ekki, eins og málum er háttað, unnt að meta honum til sakarspjalla tómlæti um mótmæli gegn greindri bókfærslu stefnanda, en útibússtjórinn kveðst hafa sent stefnda yfirlitsreikning um hana.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.943.17 auk 10% ársvaxta frá 31. desember 1967 til greiðsludags.

Málskostnað ber stefnda að greiða, kr. 4.000.00, til stefnanda.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Jóhannsson, greiði Kaupfélagi Eyfirðinga kr. 9.943.17 með 10% ársvöxtum frá 31. desember 1967 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1972.

Nr. 145/1970. **Eiríka Guðmundsdóttir**

(Árni G. Finsson hrl.)

gegn

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og gagnsök

(Einar Viðar hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Umboð. Frávísun gagnsakar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1970 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. september 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 84.333.40 ásamt 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 27. maí 1970, og aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu 29. júlí s. á. Voru því liðnir meira en þrír mánuðir frá uppkvaðningu héraðsdóms og meira en þrjár vikur frá því, að aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar, þar til gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu, 2. september 1970, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Gagnáfrýjandi aflaði sér ekki gagnáfrýjunarleyfis, þótt áfrýjunarfrestir væru liðnir, sbr. 2. og 4. mgr. 20. gr. greindra laga. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa gagnsök í máli þessu frá Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega greind í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal umburðarbréf stefnda til viðskiptavina sinna, dags. 8. desember 1965. Óumdeilt er, að áfrýjanda barst bréf þetta, en í því segir:

„Þar sem nú liður að áramótum, þurfum vér að fá endurnýjaðar tryggingar þær, sem viðskiptamenn vorir hafa látið oss í té vegna lánsviðskipta sinna við stofnunina.

Undanfarið hafa tryggingar þessar í flestum tilfellum verið í formi víxla.

Þetta fyrirkomulag hafði sína kosti að því leyti, að menn gátu lagt hér inn tryggingarvixil, sem gildi fyrir eitt ár, og öðlzt þannig rétt til lánsviðskipta að vissu marki.

Óhjákvæmileg, árleg endurnýjun tryggingarvixlanna hefur samt reynzt óþarflega þung í vöfum, og viljum vér bæta úr því.

Hefur því annað fyrirkomulag verið ákveðið frá og með næstu áramótum. Er það sjálfskuldarábyrgð, en kostir hennar umfram víxlana eru aðallega þeir, að hún þarf ekki endurnýjunar við, en heldur gildi sínu, svo lengi sem lánsviðskipti vara.

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að herða eftirlit með útlánnum. Verður því gengið fast eftir því, að vörulán stofnunarinnar fari ekki fram úr því, sem tryggingar hvers og eins viðskiptamanns segja til um.

Lánsviðskipti verða því stöðvuð hjá öllum þeim, sem ekki hafa gengið frá viðskiptatryggingum sínum 1. janúar n. k.

Vér sendum yður hér með eyðublað fyrir sjálfskuldarábyrgð.

Sé um hlutafélag eða kaupfélag að ræða, þarf persónulega undirskrift stjórnar.

Einstaklingar þurfa hins vegar að afla undirskriftar tveggja eða fleiri ábyrgðarmanna, sem vér metum gilda“.

Þrátt fyrir það að áfrýjanda barst bréf þetta, tilkynnti hún eigi stefnda, að hún hefði hætt verzlunarrekstri sínum og bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson, tekið við honum.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 84.333.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Eins og máli þessu er háttað, er eigi ástæða til að ómerkja héraðsdóminn, þótt það hafi verið rekið fyrir bænjarþingi Reykjavíkur, sbr. 2. tl. 200. gr. i. f. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eiríka Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, kr. 84.333.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Reykjavík, með stefnu, birtri 26. september 1969, á hendur Eiríku Guðmundsdóttur, Strandgötu 35 B, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 84.333.40 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og henni verði enn fremur til-dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1961 byggði stefndi biðskýli á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Í bilskýli þessu rak hún verzlun fram á árið 1962. Eigi var fyrirtæki þetta skrásett. Stefndi var sjúklingur á þessum tíma. Annaðist bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson kaupmaður, verzlunarreksturinn fyrir stefnda. Samdi hann við stefnanda fyrir hönd stefnda um úttektir á tóbaki hjá stefnanda og annaðist síðan um greiðslu á þessum úttektum. Í sambandi við úttektir þessar gaf Guðmundur heitinn Guðmundsson út og ábakti tryggingarvígil hinn 31. janúar 1962 að fjárhæð kr. 40.000.00. Var víxill þessi samþykktur af stefnda f. h. biðskýlisins á Hvaleyrarholti til greiðslu við sýningu. Víxill þessi var afhentur stefnanda til tryggingar á greiðslu á úttektum til biðskýlisins. Vígill þessi var aldrei sýndur til greiðslu.

Stefndi hefur borið, að á árinu 1962 hafi hún leigt Guðmundi heitnum Guðmundssyni, bróður sínum, verzlunina í biðskýlinu á Hvaleyrarholti. Hafi hann síðan rekið verzlun í nefndu biðskýli, unz hann lézt 9. nóvember 1967. Stefndi tilkynnti stefnanda eigi um það, að nefndur bróðir hennar væri tekinn við rekstri verzlunar þessarar. Ekki var heldur skráð opinberlega um það, að aðilja-skipti hefðu orðið að verzlunarrekstri þessum.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að meðan hún rak verzlunina í biðskýlinu, hafi Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir hennar, ávallt pantað fyrir sig vörur hjá stefnanda og séð um að koma þeim suður til Hafnarfjarðar. Enn fremur hafi Guðmundur heitinn séð um greiðslur fyrir sig til stefnanda, og kvaðst hún sjálf,

meðan hún rak verzlun í biðskýlinu, aldrei hafa rætt við fyrirsvarsmenn stefnanda út af úttektum til biðskýlisins.

Stefndi sagði, að þegar Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir hennar, hafi yfirtekið verzlunarreksturinn í biðskýlinu, þá hafi verið gerð upp skuld við stefnanda vegna úttektar, sem gerð hafði verið, meðan stefndi rak verzlun í biðskýlinu.

Vitnið Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri hjá stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og borið, að Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir stefnda, hafi fært sér framangreindan tryggingarvixil. Kvaðst það hafa innt Guðmund heitinn eftir því, hver ræki biðskýlið, og hafi hann sagt, að hann annaðist um það fyrir stefnda. Hafi Guðmundur heitinn síðan ávallt séð um að greiða úttektir hjá stefnanda og gert það reglulega í hverjum mánuði. Kvað vitnið Guðmund heitinn aldrei hafa orðað það við sig, að hann væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu, og kvaðst það aldrei hafa fengið neina tilkynningu þar um. Vitnið tók það fram, að það hafi frá upphafi staðið í þeirri meiningu, að stefndi ætti þetta skýli, enda hafi engin breyting þar á verið orðuð við sig. Vitnið kvað stefnda aldrei hafa rætt við sig. Ekki kvað vitnið nokkru hafa breytt um vilja stefnanda til að lána úttektir til biðskýlisins, þótt stefnandi hefði fengið vitneskju um það, að Guðmundur heitinn Guðmundsson væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu, enda hafi Guðmundur heitinn verið einstakur skilamaður. Hins vegar hefði Guðmundur heitinn þá orðið að setja fram nýja tryggingu, enda verði allir að gera það, sem eigi slík viðskipti við stefnanda. Vitnið kvað stefnanda nú hættan að taka víxla sem tryggingar fyrir úttektum, heldur krefjist hann nú sjálfsskuldarábyrgðar, fasteignaveðs eður bankatryggingar. Vitnið mundi ekki, hvenær breytt hafði verið til í sambandi við tryggingar þessar, en þegar breytingar hafi verið gerðar, hafi þeir viðskiptamenn, sem búnir voru að gefa út tryggingarvixla, verið látnir setja tryggingar í nýju formi nema einstaka maður, sem ávallt hafði sýnt sig að skilsemi.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir stefnda, hafi komið fram fyrir hennar hönd og gert framangreind viðskipti við stefnanda á vegum stefnda. Stefnanda hafi ekkert verið tilkynnt um það, að Guðmundur heitinn Guðmundsson væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu. Það hafi stefnda borið að gera til að firra sig ábyrgð á frekari úttektum. Ekki hafi heldur verið

neitt skrásett um það opinberlega, að stefndi væri hættur að reka verzlun í biðskýlinu og bróðir hennar tekinn við rekstrinum. Að endingu bendir stefnandi á það, að ef stefndi hefði látið vita um það, að nýr aðili væri tekinn við verzlunarrekstrinum, hefði verið krafizt nýrrar tryggingar af honum. Um þetta hafi stefnandi aldrei fengið neitt að vita og því verið í þeirri trú, að stefndi ræki enn verzlunina í biðskýlinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að hún hafi hætt verzlunarrekstrinum í biðskýlinu á árinu 1962 og ekki annast hann síðan. Þá hafi bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson, tekið við rekstri verzlunarinnar á eigin ábyrgð og kostnað og rekið hana í fimm ár, eða þar til í nóvember 1967, er hann féll frá. Úttekt sú, sem stefnt er um í máli þessu, er því gerð á þeim tíma, sem Guðmundur heitinn Guðmundsson rak verzlun þessa. Telur stefndi sig því ekki réttan aðilja að máli þessu, heldur dánarbú Guðmundar Guðmundssonar, sem var þrotabú. Beri því að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur bendir stefndi á það, að úttektir þær, sem gerðar hafi verið hjá stefnanda, meðan hún rak verzlunina, séu löngu greiddar og hefði stefnanda því borið að afhenda stefnda víxilinn, er hún greiddi skuldir sínar við hann árið 1962.

Þá vekur stefndi enn fremur athygli á því, að tryggingarvixill þessi hafi verið sýningarvixill, en eigi sýndur innan þess frests, sem áskilinn er í 34. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Sé því allur réttur samkvæmt honum niður fallinn fyrir löngu. Að endingu heldur stefndi því fram, að hún hafi verið alveg grandlaus um það, að hún kynni að verða krafín um skuld vegna margnefndrar verzlunar, fimm árum eftir að hún hafi hætt verzlunarrekstrinum.

Stefndi fékk Guðmund heitinn Guðmundsson, bróður sinn, til að sjá fyrir sig um rekstur verzlunar þeirrar, er hún rak í nefndu biðskýli. Annaðist greindur bróðir hennar úttektir á vörum hjá stefnanda vegna verzlunarinnar og sá um greiðslur. Vitnið Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri hjá stefnanda, hefur borið, að Guðmundur sálugi hafi sagt sér, að hann annaðist um verzlunarreksturinn fyrir stefnda, og var stefnanda afhentur framangreindur tryggingarvixill, sem nú er reyndar löngu fyrndur, til tryggingar á úttektum vegna verzlunarinnar hjá stefnanda.

Samkvæmt þessu er ljóst, að Guðmundur heitinn Guðmunds-

son, hefur komið fram sem umboðsmaður stefnda vegna verzlunarrekstrarins gagnvart stefnanda.

Stefndi kveðst hafa hætt verzlunarrekstri þessum árið 1962. Ekki athugaði hún að tilkynna stefnanda þetta, og eigi var neitt um þetta skráð opinberlega, þannig að stefnandi mætti um þetta vita. Vitnið Ragnar Jónsson kveður Guðmund heitinn aldrei hafa orðað við sig, að hann væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu. Verður því að telja, að stefnandi hafi hvorki vitað né mátt vita, að aðiljaskipti hafi orðið á rekstrinum það ár, sem stefndi heldur fram. Þykir því eigi verða hjá því komizt, sbr. 19. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, að telja stefnda bera ábyrgð gagnvart stefnanda á þeirri úttekt, sem stefnt er um í máli þessu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmd til að gjalda hina umstefndu fjárhæð ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríka Guðmundsdóttir, greiði stefnanda, Einari Viðar hæstaréttarlögmanni f. h. Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, kr. 84.333.40 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
